

Breytingin felst í því að svæði við Gylfaflöt breytist að hluta úr athafnasvæði í verslun og þjónustu (söluturn/bensínstöð).

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 16. nóvember 1994.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á legu jarðgangna undir Hvalfjörð og nýrra aðkomuvega.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 11. nóvember 1994 staðfest legu jarðgangna undir Hvalfjörð og tengivega þeirra í Kjalarnes-, Skilmanna- og Innri-Akraneshreppum.

Aðalskipulag fyrir jarðgöngin og tengivegi ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Kjalarnes-, Skilmanna- og Innra-Akraneshreppa hafa samþykkt skipulagsáætlunina og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 11. nóvember 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Neskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar s.st. hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á bifreiðastæði ofan og austan við Melabúðina, Hólsgötu 9A, hér í bæ og mælist 12 metrar á lengd til austurs, að merktu einkabifreiðastæði fyrir Hólsgötu 9, er óheimilt að leggja vélknúnum ökutækjum lengur en 30 mínútur í senn á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til laugardags að báðum dögum meðtöldum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarstjórninni er heimilt að setja upp viðeigandi umferðarmerki til áréttingar ákvörðun þessari.

*Lögreglustjórnin í Neskaupstað, 8. nóvember 1994.*

**Bjarni Stefánsson.**